Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

R14010255
15. október 2014

Alþingi
15. okt. 2014
Málsnr.: 1409031
Málalykill: 0.34.6

MINNISBLAÐ

Um fjárhagsleg samskipti Reykjavíkurborgar og ríkis vegna fundar með fjárlaganefnd 15. október 2014

Efnisyfirlit

1. Fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbætur og tryggingagjald 2
2. Skattfrjáls ráðstöfun séreignasparnaðar 6
3. Samningur við ríki um þjónustu við fatlað fólk 7
4. Samningur við ríki um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu 9
5. Samningur við ríki um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu 9
6. Samningur við ríki um rekstur hjúkrunarheimila 10
7. Samningur við ríki um heimahjúkrun 11
8. Samningur við ríki um eflingu tónlistarnáms 12
9. Samningur við ríki um húsaleigubætur 13
10. Almennt og félagslegt leiguhúsnæði 14
11. Endurgreiðsla virðisaukaskatts 15
12. Skattaumhverfi 16
13. Jöfnunarsjóður 16

Helstu ábendingar 18

Tafla yfir helstu fjárhagsatriði 21

1. Fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbætur og tryggingagjald

Aðstæður á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hafa haft verulega neikvæð áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar undanfarin ár. Hátt atvinnuleysisstig hefur valdið mikilli aukningu útgjalda vegna lögbundinna verkefna eins og fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Samsvarandi fækkun ársverka hefur haft neikvæð áhrif á útsvarstekjur og álagningarstofn fasteignagjalda. Þar að auki hafa útgjöld borgarinnar vegna tryggingagjalds aukist mikið vegna hækkunar álagningarhlutfalls.

Þróun frá 2008: Meðfylgjandi mynd sýnir þróun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar og tryggingagjalds hjá A-hluta Reykjavíkurborgar frá 2008 til 2014[1] á verðlagi hvers árs. Jafnframt er þróunin sett í samhengi við tekjur borgarinnar, en rauði ferillinn sýnir samanlögð útgjöld til fjárhagsaðstoðar og tryggingagjalds sem hlutfall af nettó útsvarstekjum[2]. Í útgjöldum til fjárhagsaðstoðar eru útgjöld borgarinnar vegna atvinnuátaksverkefna ekki talin með, en þau hafa frá árinu 2010 fram á mitt ár 2014 numið um 1,2 milljarði kr.



Eins og myndin sýnir hafa útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar rúmlega þrefaldast að krónutölu og útgjöld vegna tryggingagjalds rúmlega tvöfaldast. Mikilsverðara er þó að hlutfall þessara útgjalda af nettó útsvarstekjum hefur tvöfaldast, úr rúmum 6% í rúm 12% sem er um 1/8 af útsvarstekjum. Þetta þýðir að á síðustu árum hefur borgin þurft að verja sífellt hærra hlutfalli af tekjum sínum til að mæta útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar og tryggingagjalds, með tilheyrandi ruðningsáhrifum á grunnþjónustu og önnur verkefni sveitarfélagsins.

Samanburður við önnur sveitarfélög: Ef horft er til þróunar fjárhagsaðstoðar og útsvarstekna undanfarin ár kemur Reykjavíkurborg illa út í samanburði bæði við nágrannasveitarfélög og við landið í heild. Í meðfylgjandi töflu sést annars vegar hlutdeild Reykjavíkurborgar í greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar skv. Hagstofu Íslands, í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild, og hins

[1] Byggt er á útkomuspá til bráðabirgða fyrir árið 2014.
[2] Framlög borgarinnar í Jöfnunarsjóð hafa verið dregin frá. Einnig hefur verið dregin frá 0,25%-stiga aukning sem varð á útsvarshlutfalli sveitarfélaga vegna flutnings á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011.

vegar má sjá hlutdeild borgarinnar í útsvarsstofni sveitarfélaga skv. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, á tímabilinu 2008-2012.

Hlutdeild Reykjavíkurborgar í greiðslum fjárhagsaðstoðar	2008	2009	2010	2011	2012
Höfuðborgarsvæði	71,6%	80,0%	79,4%	79,8%	80,1%
Landið í heild	60,6%	67,7%	66,4%	65,1%	65,7%
Hlutdeild Reykjavíkurborgar í útsvarsstofni	2008	2009	2010	2011	2012
Höfuðborgarsvæði	59,2%	58,7%	58,3%	57,9%	57,6%
Landið í heild	39,6%	38,8%	38,2%	38,0%	37,8%

Hlutdeild borgarinnar í heildargreiðslum sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar hefur aukist sífellt undanfarin ár meðan hlutdeild borgarsjóðs í útsvarsstofni sveitarfélaga hefur farið síminnkandi. Í þessum samanburði vekur einnig athygli sá mikli munur sem er á samsetningu útsvarsstofns og fjárhagsaðstoðar. Á meðan Reykjavíkurborg hefur verið með u.þ.b. 38% hlutdeild í útsvarsstofni sveitarfélaga árin 2010-2012 hefur hún greitt u.þ.b. 66% af fjárhagsaðstoðargreiðslum.

Atvinnuleysisbætur og tryggingagjald: Á meðfylgjandi mynd er fjöldi Reykvíkinga með framfærslustyrk hjá borginni settur í samhengi við fjölda Reykvíkinga með atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun frá árunum 2008 til 2013. Efst á myndinni má sjá álagningarhlutfall tryggingagjalds á hverju ári fyrir sig[3].



Eins og sést hefur notendum atvinnuleysisbóta fækkað verulega frá árinu 2010 á sama tíma og umfang fjárhagsaðstoðar hefur aukist sífellt. Hluti ástæðunnar er sú að þegar einstaklingar klára rétt sinn til atvinnuleysisbóta hjá Vinnumálastofnun hafa þeir í mörgum tilvikum ekki um annað að velja en að sækja um framfærslustyrk hjá borginni. Þar að auki þjónustar borgin stóran hóp einstaklinga sem hefur ekki unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta, t.d. vegna óvinnufærni, svartrar atvinnustarfsemi eða vegna þess að þeir eru nýir á vinnumarkaði. Þannig má færa rök fyrir því að hluti

[3] Um er að ræða meðalhlutfall ársins 2009, en þá var álagningarhlutfall hækkað úr 5,34% í 7,00% á miðju ári.

verkefna Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi færst á hendur Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á síðastliðnum árum.

Myndin að ofan varpar einnig athyglisverðu ljósi á þróun álagningarhlutfalls tryggingagjalds. Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að hlutfallið lækki um 0,1%-stig úr 7,59% í 7,49%, sem er sama lækkun hlutfallsins og undanfarin tvö ár. Áhrif þessarar breytingar á A-hluta Reykjavíkurborgar eru jákvæð um u.þ.b. **40 mkr.** Hins vegar verður álagningarhlutfall tryggingagjalds þá enn um 2% stigum yfir því sem það var árin fyrir efnahagshrun[4], sem svarar til um **20 ma.kr.** í auknar tekjur fyrir ríkissjóð miðað við fjárlagafrumvarp 2015[5]. Eðlilegt er að gera þá kröfu að hluti þessa tekjuauka gangi til sveitarfélaga til að fjármagna þá miklu aukningu sem orðið hefur í hópi einstaklinga sem reiða sig á framfærslustyrk frá sveitarfélögunum, enda má færa rök fyrir því að sveitarfélög hafi tekið við hluta verkefna Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og áður hefur verið nefnt.

Fjárlagafrumvarp: Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er lagt til að réttur til atvinnuleysisbóta verði styttur úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Þessi ráðgerða fækkun bótamánaða myndi auka enn á vanda sveitarfélaga, enda er hér um að ræða enn frekari tilfærslu verkefna frá Atvinnuleysistryggingasjóði til sveitarfélaga og ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fái auknar tekjur á móti til að mæta þessum útgjaldaauka.

Við mat á aukningu útgjalda borgarinnar til fjárhagsaðstoðar vegna þessara tillagna er tekið mið af aðferð Vinnumálastofnunar við að áætla kostnaðarlækkun Atvinnuleysistryggingasjóðs í fjárlagafrumvarpi. Í áætlanagerð undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg gert ráð fyrir að 45% Reykvíkinga sem klára bótarétt fái framfærslustyrk, þar sem margir hafa ekki rétt á framfærslustyrk vegna tengingar við tekjur maka o.fl. Hins vegar er mikil óvissa um þetta hlutfall þar sem ekki hefur fengist leyfi til að keyra saman grunna Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar og ákvarða þannig hvert hlutfallið hefur verið sögulega. Miðað við 45% forsenduna er metin aukning útgjalda borgarinnar um **200-250 mkr** árið 2015 en fái fleiri framfærslustyrk getur aukningin orðið allt að **400-500 mkr**. Verði af styttingu bótatímabils er því ljóst að kostnaður borgarinnar vegna fjárhagsaðstoðar getur aukist gríðarlega á næsta ári og bætist það þá við mikla aukningu undanfarinna ára.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir því að felldar verði niður fjárveitingar til Vinnumálastofnunar vegna vinnumarkaðsaðgerða. Þó að dregið hafi úr skráðu atvinnuleysi á undanförnum misserum er langtímaatvinnuleysi enn mikið, bæði skráð og óskráð (vegna einstaklinga sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta en eru engu að síður atvinnulausir). Það er hlutverk ríkisins að bregðast við þessum aðstæðum á vinnumarkaði með aðgerðum. Ef ekkert er að gert er ljóst að nýgengi örorku mun aukast sem og fjöldi þeirra sem eru á framfæri sveitarfélaga með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið og fjölskyldurnar sem eiga í hlut.

Vinnumarkaðsaðgerðir: Reykjavíkurborg hefur verið virkur þátttakandi vinnumarkaðsaðgerðum frá árinu 2009 og hefur árangur verkefna verið góður. Úttekt sem Maskína vann fyrir Vinnumálastofnun leiddi í ljós að tæplega 60% þátttakenda í Liðsstyrk voru í starfi þegar úttektin var gerð 2013 og rúmlega 70% þeirra sem að tóku þátt í verkefninu Vinnandi vegur voru í starfi ári seinna. Reykjavíkurborg réði um 15% allra sem tóku þátt í Vinnandi vegi. Reykjavíkurborg gerði úttekt á líðan og viðhorfi þátttakenda í vinnumarkaðsaðgerðum og bendir úttekin til þess að þátttaka í verkefninu hafi jákvæð áhrif á geðheilbrigði og trú þátttakenda á eigin getu og jafnframt jókst trú einstaklinga á því að atvinnuleit þeirra skili árangri.

---

[4] Árin 2001-2008 var hlutfallið á bilinu 5,23-5,73%.

[5] Í fjárlagafrumvarpi 2015 er stofn til tryggingagjalds áætlaður 1.090 ma.kr. á árinu 2015.

Nú vinnur Reykjavíkurborg að úttekt á árangri þriggja verkefna sem borginni tók þátt í eða stóð fyrir árið 2013. Úttekin nær til þeirra einstaklinga sem að fengu og/eða óskuð eftir fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 og var vísað frá velferðarsviði til atvinnumáladeildar. Samtals var 217 einstaklingum vísað á tímabilinu og verkefnin sem umræðir eru:

1) Vinnumiðlun innan Reykjavíkurborg fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, 47 tilvísanir.
2) Atvinnutorg, 76 tilvísanir.
3) Liðsstyrkur, 94 tilvísanir (eingöngu einstaklingar sem óskuð eftir fjárhagsaðstoð).

Í töflu hér að neðan má sjá fyrstu niðurtöður af verkefninu og er þá kannað hvort að hópurinn hafi fengið greidda fjárhagsaðstoð í einhverjum mánuði frá janúar til júní 2014.

Fjöldi sem vísað var til atvinnumáladeildar RVK jan-júní 2013 og fjöldi sem fékk fjárhagsaðstoð jan-jún 2014

	Fjárhagsaðstoð til framfærslu jan-jún 2014					
Flokkun	**Já**	**%**	**Nei**	**%**	**Samtals**	**%**
100 störf	25	53%	22	47%	47	100%
Atvtorg	40	53%	36	47%	76	100%
Liðs/Fél	44	47%	50	53%	94	100%
Samtals	109	50%	108	50%	217	100%

Árangur verkefnanna er um 50%. Gera má ráð fyrir sama árangri annarra þátttakenda í Liðsstyrk,en úttektin nær ekki yfir þá einstaklinga. Gera má ráð fyrir því að a.m.k. 53% hópsins, sem átti rétt á fjarhagsaðstoð, hafi ekki sótt um fjárhagsaðstoð vegna verkefnisins og hafi fengið fast starf í framhaldi af Liðsstyrksverkefninu.

Að hafna starfi og skerðingar

Í Liðstyrksverkefninu og í beinni vinnumiðlun var virkniráðgjöfum velferðarsviðs tilkynnt um einstaklinga sem höfnuðu starfi, 16% þeirra sem að var vísað á þessu tímabili hafnaði starfi. Í töflu hér að neðan má sjá skiptingu eftir verkefnum og hvort að einstaklingar fengu fjárhagsaðstoð í mánuðnum á eftir sem og hvort að veitt hefur verið full eða skert fjárhagsaðstoð.

Höfnun starfs og greiðsla fjárhagsaðstoðar

Flokkun	Engin	Hálf	Full	Samtals
100 störf	1	2	1	4
Liðs/Fél	11	6	2	19
Samtals	12	8	3	23

Árangur vinnumarkaðsaðgerða er góður hvort sem að litið er til áhrifa á líðan þeirra einstaklinga sem taka þátt eða fjárhagslegan ávinning fyrir ríki og sveitarfélög. Í ljósi þessa góða árangur sem náðst hefur er brýnt að hald vinnumarkaðsaðgerðum áfram og ná upp vinnufærni og atvinnuhæfni (*employability*) þeirra sem nú eru án atvinnu.

Ábendingar: Mikilvægt er að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga ræði nauðsynlega tilfærslu tekna til Reykjavíkurborgar til að mæta auknum útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar og átaksverkefna, sem lagst hafa þyngra á Reykjavíkurborg en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild. Lagt er til að rætt verði:

- ✓ Að ríkið bæti sveitarfélögum þá aukningu útgjalda til fjárhagsaðstoðar og átaksverkefna sem sveitarfélögin hafa þurft að bera frá árinu 2008 vegna einstaklinga sem annaðhvort eiga ekki rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins eða hafa klárað bótatímabil sitt.
- ✓ Að hluti tekna vegna tryggingagjalds renni til sveitarfélaga á hverju ári til að mæta atvinnuleysi sem Atvinnuleysistryggingasjóður bætir ekki. Tekjunum verði dreift milli sveitarfélaga í samræmi við umfang fjárhagsaðstoðar.
- ✓ Að áform um styttingu bótatímabils úr 36 mánuðum í 30 mánuði verði dregin til baka og að rætt verði um lengingu bótatímabils. Miðað við 45% forsenduna er metin aukning útgjalda borgarinnar um **200-250 mkr** árið 2015 en fái fleiri framfærslustyrk getur aukningin orðið allt að **400-500 mkr**.
- ✓ Að ríkið hafi forgöngu um og fjármagni vinnumarkaðsaðgerðir fyrir einstaklinga sem vilja vinna en hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta að fyrirmynd *Vinnandi vegs*. Ráðningartími miðist almennt við 12 mánuði og greiðslur til atvinnurekenda verði óháðar bótarétti.
- ✓ Að lög verði endurskoðuð og nemum tryggður réttur að nýju til atvinnuleysisbóta en þessi réttur var afnuminn með lögum árið 2010.
- ✓ Mikilvægi þessi að virða rétt þeirra sem eru í átaksverkefnum fjármögnuðum af sveitarfélögum til atvinnuleysisbóta enda er greitt atvinnutryggingargjald vegna þeirra.

2. Skattfrjáls ráðstöfun séreignasparnaðar

Þann 16. maí sl. voru samþykkt á Alþingi lög nr. 35/2014 um leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána og lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Í seinni lögunum er gert ráð fyrir að á þriggja ára tímabili, frá miðju ári 2014 til miðs árs 2017, verði gefinn eftir tekjuskattur og útsvar af allt að 6% af launatekjum launþega til ráðstöfunar inn á höfuðstól húsnæðisláns eða til húsnæðissparnaðar. Að öðru óbreyttu munu þessi lög leiða til verulegs tekjutaps fyrir sveitarfélögin, og þá sérstaklega Reykjavíkurborg þar sem tekjuauki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fjármögnunar fyrrnefndra aðgerða mun ekki koma í hlut Reykjavíkurborgar.

Á grundvelli greinagerðar frumvarps um séreignarsparnað og 38% hlutdeildar Reykjavíkurborgar í útsvarstekjum á landsvísu má áætla að heildarumfang útsvarstekjutaps Reykjavíkurborgar vegna laga nr. 40/2014 geti verið um 3,4-4,6 ma.kr. á verðlagi 2014. Þar af er gert ráð fyrir að a.m.k. þriðjungur tapsins eða 1,5 ma.kr. verði á árunum 2014-2017[6]. Tekjutap sveitarfélaga í heild er því metið á um 9-12 ma.kr., þar af um 3,9 ma.kr. fram að miðju ári 2017. Mikilvægt er að benda á að í mati á tekjutapi sveitarfélaga er ekki tekið tillit til breytinga á frumvarpi um séreignarsparnað í meðförum þingsins sem fólu í sér 750 þúsund króna hækkun á hámarki skattfrjálsrar ráðstöfunar hjóna og samskattaðra.

Fjármögnun á leiðréttingarhluta aðgerða ríkisstjórnar var fengin með hækkun á sérstökum bankaskatti og útvíkkun á álagningarstofni hans. Í minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18. feb. 2014 kemur fram að áætlaðar sértækar árlegar tekjur ríkis af bankaskattinum verði um 38,5 ma.kr. á tímabilinu 2014-2017 eða samtals um 154 ma.kr. Í minnisblaðinu er áætlað að árlegur tekjuauki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna bankaskattsins muni nema um 816 mkr eða samtals tæplega 3,3 ma.kr. á árunum 2014-2017. Miðað við forsendur matsins gæti tekjuaukning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegið upp um 85% af áætluðu útsvarstekjutapi sveitarfélaga fram til miðs árs 2017.

[6] Þegar einnig er tekið tillit til þess að hámark frádráttar launþega frá launum vegna séreignariðgjalda var hækkað úr 2% í 4% á miðju ári 2014 í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnar.

Tekjum úr Jöfnunarsjóði er almennt úthlutað með svokölluðu jöfnunarframlagi, sem Reykjavíkurborg á enga hlutdeild í. Að óbreyttum úthlutunarreglum fengi Reykjavíkurborg því engar tekjur af bankaskattinum til að vega upp verulegt tekjutap vegna laga nr. 40/2014 og á sama tíma myndu einhver sveitarfélög fá framlög úr Jöfnunarsjóði umfram tekjutap vegna útsvars. Fordæmi eru fyrir því að gera sérstakar ráðstafanir við aðstæður sem þessar. Því er mikilvægt að úthlutunarreglum sjóðsins verði breytt á þann veg að tekjur af bankaskatti nýtist til að vega upp tekjutap Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga vegna aðgerða ríkisstjórnar.

Ábendingar:

- ✓ Mikilvægt er að Reykjavíkurborg verði bætt útsvarstekjutap vegna laga um skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar, sem gæti numið um 3,4-4,6 ma.kr. og þar af um **1,5 ma.kr.** árin 2014-2017.
- ✓ Mikilvægt er að tekjuaukningu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna bankaskatts verði ráðstafað hlutfallslega til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir útsvarstekjutapi vegna laga um séreignarsparnað og skattfrjálsa ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið undir þessi sjónarmið Reykjavíkurborgar.

3. Samningur við ríki um þjónustu við fatlað fólk

Samningur: Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á þjónustu sveitarfélaga við fatlaða hækkaði útsvarshlutfall sveitarfélaga um 1,2%-stig og var lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga breytt til samræmis. 0,95%-stig af auknu útsvarshlutfalli skyldu ganga til Jöfnunarsjóðs en 0,25%-stig til þjónustusvæða sveitarfélaga. Að auki voru veitt (tímabundið) framlög á fjárlögum (856 mkr árið 2013) vegna veikrar stöðu útsvarsstofns sem féll út 2014, notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), biðlista eftir þjónustu og breytingakostnaðar. Útsvarshlutfall ársins 2014 var hækkað um 0,04%-stig og viðbótartekjur felldar inn í almenn framlög á móti tímabundnum ríkisframlögum að undanskyldum framlögum vegna NPA sem þarf að sækja sérstaklega um en framlag getur aldrei orðið hærra en sem nemur 20% af kostnaði við hvern einstakan samning.

Jöfnunarsjóði var sett reglugerð um úthlutun framlaga, reglugerð nr. 242/2014 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skiptast í: Almenn framlög til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), framlög vegna breytingakostnaðar, framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og sérstök viðbótarframlög. Áætluðum ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014, að frádregnum framlögum sem veitt eru til miðlægra verkefna er tengjast yfirfærslunni, framlagi í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sérstökum viðbótarframlögum, skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði, sbr. lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, eða einstakra sveitarfélaga með eftirfarandi hætti, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málaflokksins frá 23. nóvember 2010:

a. 80% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf, sbr. II. hluta þessarar greinar.
b. 20% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2014.

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars á árinu 2014 nemur 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra. Jöfnunarsjóður áætlar að almenn framlög á árinu 2014 vegna málefna fatlaðs fólks til Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness muni nema 3.877 mkr og er þá leiðrétting vegna útsvarsstofns 2012.

Þróun útgjalda: Við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga var gert ráð fyrir að sveitarfélögin fengju fulla fjármögnun á málaflokknum. Heildarútgjöld málaflokksins fyrir þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness reyndust á árinu 2011 um 4.430 mkr en tekjur frá Jöfnunarsjóði auk 0,25% af útsvarsstofni Reykvíkinga og Seltirninga reyndust alls 4.152 mkr. Halli á rekstri málaflokksins reyndist þannig **277 mkr**. Á árinu 2012 reyndist hallinn **64 mkr**[7], árið 2013 var hallinn **438 mkr** og fyrstu sex mánuði ársins 2014 nam hallinn **672 mkr**. Miðað við fyrstu áætlanir vegna 2015 er gert ráð fyrir enn frekari fjárvöntun í málaflokkinn á næsta ári.

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	2011	2012	2013	2014 jan-jún
Rekstrarhalli	277	64	438	672

Heildarútgjöld til málaflokksins á árinu 2014 eru áætluð **6.093 mkr** en framlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð **3.877 mkr** og tekjur vegna 0,25% útsvarshlutfalls hjá Reykvíkingum og Seltimingum eru áætluð samtals **1.009** mkr. Áætlaður halli nemur þannig ríflega **1,2 milljarði** króna.

Í heildarútgjöldum til málaflokksins eru áætluð útgjöld til lengdrar viðveru fatlaðra barna og reksturs frístundaklúbba sem nemur samtals um 270 mkr. Jöfnunarsjóður áætlar að greiða 37,3 mkr til þessara verkefna eða aðeins um 14% af kostnaði.

Framlög Jöfnunarsjóðs eru nú á árinu 2014 nema 38% af heildarframlögum sjóðsins til sveitarfélaganna vegna málefna fatlaðra. Þetta hlutfall hefur farið stöðugt lækkandi frá flutningi málaflokksins til sveitarfélaganna en á árinu 2011 nam þetta hlutfall 39,5%. Ætla má að tekjutap borgarsjóðs vegna þessa nemi 153 mkr. Reykjavíkurborg hefur gert athugasemdir við hlutdeild borgarinnar í framlögum Jöfnunarsjóðs og er það mál í skoðun.

Ábendingar:

- ✓ Fjárhagsleg áhætta borgarsjóðs hefur aukist mikið við það að taka yfir þjónustu ríkisins vegna fatlaðs fólks sem ræðst einkum af því að:
  - Útsvarsstofn sveitarfélaga sem myndar grunninn að ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs breytist ekki með þjónustukröfum, fjölda þjónustuþega og útgjaldaþróun
  - Reglur um skiptingu framlaga og áreiðanleiki SIS mats, sem er grunnur fyrir skiptingu 80% fjármagns Jöfnunarsjóðs til málaflokksins, hafa ekki skapað sanngjarnan grunn að skiptingu á því fé sem fer til sveitarfélaga.
  - Helmingshlutur ríkis í samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga vegna frístundaklúbba fatlaðra er ekki fjármagnaður.
  - Nýjar þjónustukröfur hafa komið fram frá ríkinu eftir yfirfærslu málaflokksins sem ekki hafa verið fjármagnaðar.
- ✓ Notendastýrð persónuleg þjónusta, NPA, er verkefni sem ríkið ýtti á eftir með fjárstuðningi og alger óvissa um framhald á fjármögnun ríkisins í því.
- ✓ Endurskoðun á fjármögnun þjónustunnar átti að ljúka á árinu 2014 og tryggja fulla fjármögnun í samræmi við forsendur yfirfærslunnar. Mikilvægt er að þessi endurskoðun klárist fljótt og leiði til þess að framlög til borgarinnar tryggi fulla og raunhæfa fjármögnun á þessari mikilvægu þjónustu.

[7] Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna er ekki inni í þessum fjárhæðum fyrir árin 2011 og 2012.

4. Samningur við ríki um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Samningur: Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi.
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum.

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022 og nam framlag ársins 2013 903 mkr samkvæmt samningnum. Eigendur Strætó skuldbundu sig einnig til þess að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs yrði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur 2.347 mkr. Að auki má nefna að í samningum kemur fram að 85% endurgreiðsla á olíugjaldinu er afnumin í áföngum á árunum 2013 og 2014 og að fullu 1. janúar sem hækkar olíukostnað Strætó um 64 mkr á ári.

Fjárlagafrumvarp: Í fjárlögum 2013 var gert ráð fyrir 996 mkr framlagi (styrk) til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og skyldi hlutur Strætó skv. samningnum nema 90%. Á árinu 2013 vantaði ríflega 20 mkr upp á efndir. Á árinu 2014 vantar **145 mkr** að samningurinn hafi verið efndur. Og miðað við fyrirliggjandi frumvarp fyrir árið 2015 vantar tæpar **200 mkr**.

Meðfylgjandi sýnir framlagið eins og það hefði átt **að vera skv. samningi og raunframlag.**

Allar tölur i mkr	2012	2013	2014	2015
Framag ríkis skv ákvæðum samnings	350	923,8	968,1	1004,9
Framlag ríkis skv greiðslum og áætlun 2015	350	902,9	822,6	806,1
Mismunur (það sem vantar uppá framlag ríkis)	0	20,9	145,5	198,8

Ábendingar:

✓ Mikilvægt er að ríkið standi við sinn hlut í samkomulaginu ella bresta forsendur þess.

5. Samningur við ríki um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu

Samningur: Síðastgildandi samningur SHS og ríkisins rann út í árslok 2011. Sá samningur var að mati eigendasveitarfélaga SHS algerlega óásættanlegur enda báru þau tæplega 100% meiri útgjöld en ríkið af samrekstrinum. Í júní 2012 höfðu enn ekki náðst samningar en aðilar gerðu samkomulag um að fá óhlutdrægan fagaðila, KPMG, til að meta hver ætti að vera kostnaðarhlutdeild ríkisins í rekstri SHS. Sveitarfélögin voru tilbúin til þess að ganga að niðurstöðunni, hver sem hún yrði, en ráðherra var ekki tilbúinn til slíkrar skuldbindingar. Niðurstaða KPMG var í meginatriðum sú að hlutdeild ríkissjóðs ætti að vera um 52% af rekstrarkostnaði SHS, eða 856 m.kr. á árinu 2012. Meginástæða aukinnar hlutdeildar ríkisins frá árinu 1994 er fjölgun sjúkraflutninga. Í skýrslu KPMG eru samlegðaráhrif af samrekstrinum dregin skýrt fram. Í febrúar árið 2013 var gengið frá nýju samkomulagi milli SHS og velferðarráðuneytis sem fól í sér tveggja ára frestun á því að ríkið kæmi með 52% greiðsluhlutfall kostnaðar SHS. Engar efndir voru á þessu samkomulagi og vísað til þess að það hefði ekki hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis. Í byrjun júlí sl. var gert bráðabirgðasamkomulag um sjúkraflutningaþjónustu frá 1. júlí 2014 til 31. mars 2015 á milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) sem var samningurinn metinn á 750 mkr greiðslur ríkissjóðs á

ársgrundvelli. Nú eiga aðilar í viðræðum um framtíðarsamning og uppgjör fyrir þann tíma sem samningsleysi var við líði en uppgjörsmálið er líka fyrir dómstólum. Sú óvissa sem ríkt hefur í tvö og hálft ár hefur verið ólíðandi fyrir sveitarfélögin, en þó einkum fyrir íbúa svæðisins sem þjónustuna þiggja en stigvaxandi þörf er fyrir hana á svæðinu.

Þróun greiðslna og greiðsluhlutdeildar ríkis: Eins og meðfylgjandi tafla sýnir lækkuðu [illegible] ríkissjóðs aðeins 33%. Miðað við áætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir að greiðslurnar nemi um 616 mkr og nái 30% hlutfalli af kostnaði SHS, þannig að mikið vantar upp á að 52% greiðsluhlutfall náist.

	2011		2012		2013		2014 áætlun	
	mkr	hlutf ko	mkr	hlutf kost	mkr	hlutf kost	mkr	hlutf kos
Gjöld								
Rekstrargjöld SHS	1.583		1.803		1.961		2.064	
Tekjur								
Sértekjur	44		42		62		33	
Greiðslur sveitarfélaganna	1.000	65%	1.044	59%	1.104	58%	1.244	61%
Greiðslur ríkissjóðs	511	33%	476	27%	482	25%	616	30%
Rekstrarniðurstaða								
Afgangur / halli (-)	-28		-241		-313		-172	

Næsta tafla sýnir hver þróunin hefði verið ef niðurstöður KPMG hefðu gilt eða samkomulagið frá febrúar 2013:

	2011		2012		2013		2014 áætlun	
	mkr	hlutf ko	mkr	hlutf kost	mkr	hlutf kost	mkr	hlutf kos
Greiðslur ríkissjóðs								
Greiðslur ríkissjóðs	511	33%	476	27%	482	25%	616	30%
Greiðslur ríkis skv febrúarsamkomulagi			616	35%	708	37%	752	37%
Greiðslur ríkis skv mati KPMG			855	49%	897	47%	952	47%

Ábendingar:

- ✓ SHS sá sig tilneytt að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu til að innheimta greiðslur fyrir sjúkraflutninga fyrir árin 2012 og 2013. Stefna var lögð fram 26. júní sl. og er krafa SHS 962,5 mkr fyrir bæði árin. Stefnan nær ekki til vangoldinna greiðslna ríkisins á fyrri hluta árs 2014.
- ✓ Greiðslur ríkissjóðs til SHS vegna sjúkraflutninga á árinu 2014 eru áætlaðar 616 mkr. Ef samkomulagsdrög SHS og velferðarráðuneytis frá febrúar 2013 hefðu verið framkvæmd hefði þessi greiðsla numið um 752 mkr en hefðu greiðslurnar ráðist af mati KPMG á sanngjarnri kostnaðarskiptingu hefðu greiðslur numið 952 mkr.
- ✓ Mikil óvissa er um hvort ríkið stefnir í raun að því að fela SHS áfram sjúkraflutninga eða hvort ríkið sé aðeins fela SHS verkefnið á meðan annarra leiða er leitað.

6. Samningur við ríki um rekstur hjúkrunarheimila

Samningur: Reykjavíkurborg annast rekstur hjúkrunarheimilis að Droplaugarstöðum/Seljahlíð en þetta er verkefni ríkisins og ætti að vera að fullu fjármagnað af ríkinu. Borgin fær greiðslur frá ríkinu í formi daggjalda.

Þróun útgjalda: Rekstrarkostnaður Droplaugarstaða og hjúkrunardeildar Seljahlíðar nam 587 mkr á fyrri helmingi ársins 2014. Tekjur vegna daggjalda og smærri liða námu 434 mkr. Halli af rekstrinum það sem af er þessu ári nam því **153 mkr** og stefnir því í að hallinn fari yfir **300 mkr** á þessu ári. Taflan

hér að neðan sýnir halla hjúkrunarheimilanna frá árinu 2008 til loka júní árið 2014 og sýnir glögglega hversu mikið vantar á að þessi málaflokkur sé nægilega fjármagnaður.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar *Hallarekstur 01.01.2008 - 30.06.2014 (í mkr á verðlagi hvers árs)*			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	83	70	153
Samtals	**962**	**522**	**1.484**

Ábendingar:

- ✓ Samanlagður halli á rekstri hjúkrunarheimila borgarinnar 2008-2014 er áætlaður tæpir 1,5 milljarðar kr. Mikilvægt er að ríkið tryggi tekjur á móti útgjöldum vegna hjúkrunarheimila með endurskoðun daggjalda eða öðrum hætti enda er um verkefni ríkisins að ræða.
- ✓ Í apríl 2013 var undirrituð viljayfirlýsing Velferðarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu hjúkrunarrýma í borginni. Annars vegar var gefin út viljayfirlýsing um byggingu 88 rýma hjúkrunarheimilis að Sléttuvegi á árunum 2014-2016 og hins vegar að hrinda í framkvæmd tilraunaverkefni í Seljahlíð sem felst í því að bjóða nýjan valkost fyrir aldraða í þjónustu- og búsetumálum sem tryggi viðkomandi greiðslur vegna umönnunar frá ríkinu byggðar á RAI - *Nursing Home* matstæki. Þannig myndi þjónustan fylgja einstaklingnum og fullt sjálfstæði einstaklinga verður tryggt. Þjónustuíbúð getur þannig orðið að hjúkrunaríbúð ef þörf er á án þess að viðkomandi þurfi að flytja. Í frumvarpi að fjárlögum sjást engin áform í þessum efnum til að koma til móts við brýna þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma og þjónustu við aldraða í Reykjavík.
- ✓ Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu gerðu sl. vor samkomulag við ríkið um meðferð lífeyrisskuldbindinga fyrir hjúkrunarheimili og stofnanir sem ekki hafa beina sveitarfélagatengingu. Þau voru skilin eftir en loforð var um að taka upp viðræður við þau með haustinu. Þessar viðræður eru ekki hafnar. Það er krafa Reykjavíkurborgar að tekið verði með sama hætti á lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimila sem sveitarfélög hafa rekið fyrir ríkið eins og í ofangreindu samkomulagi.

7. Samningur við ríki um heimahjúkrun

Samningur: Reykjavíkurborg hefur tekið að sér heimahjúkrun en þetta er verkefni ríkisins. Verkefni borgarinnar er skilgreint með ítarlegri lýsingu á þjónustuskyldum og fyrir þetta verkefni fær borgin ákveðnar greiðslur.

Þróun útgjalda: Útgjöld vegna heimahjúkrunar námu 597 mkr á fyrri hluta ársins en tekjur frá ríkissjóði skv. samningi voru 577,6 mkr. Þá voru tekjur að fjárhæð 29,9 mkr fluttar á milli ára og námu því heildartekjur tímabilsins 607,5 mkr. Þannig var heimahjúkrun 9,9 mkr innan fjárheimilda á fyrri helming ársins 2014. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna heimahjúkrunar muni nema 1.158 mkr og verði að fullu fjármögnuð af ríkissjóði.

Ábendingar:

- ✓ Flest hefur verið til fyrirmyndar um gerð og framkvæmd samnings ríkis og borgar um heimahjúkrun. Um þessar mundir steytir þó á einu atriði en það varðar rétt hjúkrunarfræðinga sem eru starfsmenn ríkisins til sambærilegra kjara og þeir hjúkrunarfræðingar sem eftir eru hjá Heilsugæslunni í Reykjavík. Ekki hefur fengist túlkun eða skýring ráðuneytisins sem fer með kjarasamningamál á þessu atriði og hefur borgarráð ákveðið að greiða hjúkrunarfræðingum í þessari stöðu skv. kjarasamningum ríkisins og stefna jafnframt ríkinu til að greiða borgarsjóði þennan viðbótarkostnað.

8. Samningur við ríki um eflingu tónlistarnáms

Samningur: Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu með sér samkomulag 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins með gildistíma frá 1.7.2011-31.8.2013. Samkvæmt samkomulaginu veitir ríkið árlegt 480 mkr framlag í Jöfnunarsjóð vegna kennslukostnaðar nemenda í hljóðfæranámi á framhaldsnámi og nemenda í mið- og framhaldsnámi í söngnámi auk afleiddra útgjalda stjórnunarkostnaðar, hljóðfæragjalds, kostnaðar vegna langtímaforfalla og annars tengds kostnaðar. Gert er ráð fyrir í samkomulaginu að þetta framlag muni fjármagna á landsvísu um 76 stöðugildi kennara og tengdan kostnað. Samkvæmt útreikningum mennta- og menningarmálaráðuneytis fól það í sér að unnt er að veita rúmlega 700 nemendum tónlistarkennslu í ákveðnum hlutföllum í hljóðfæranámi á framhaldsnámi og í mið- og framhaldsnámi í söngnámi. Ekki var í samkomulaginu ákvæði um endurskoðun ef kjarasamningar hækkuðu kostnað. Nemendafjöldi reyndist mun meiri fyrsta skólaárið en gert hafði verið ráð fyrir. Þá varð að samkomulagi að ríkið myndi auka árlegt framlag sitt í Jöfnunarsjóð um 40 mkr bæði skólaárin, þ.e. 2012/2013 og 2013/2014, og hefur framlagið numið 520 mkr síðan.

Ástæður erfiðleika tónlistarskólanna: Tónlistarskólarnir í Reykjavík sem annast kennslu á grundvelli samkomulagsins hafa glímt við afar erfiða rekstrarstöðu. Fjárhagsvandi tónlistarskólanna er til kominn vegna fyrirkomulagsins á framlögum vegna kennslu á miðstigi í söng og á framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik. Ástæður þess eru einkum þau að framlög ríkis (Jöfnunarsjóðs), sem eiga að standa undir kennslu- og stjórnunarkostnaði, eru föst fjárhæð:

- ✓ Fjárhæðin breytist ekki þó kjarasamningar auki launakostnað tónlistarskóla. Þannig fjármagnar framlag ríkisins sífellt minni hluta af launakostnaði tónlistarskólanna. Kjarasamningarnir 2011 voru ekki bættir en þar voru bæði miklar taxtahækkanir og breytt vinnuskipulag sem jók launakostnað mikið.
- ✓ Fjárhæðin breytist ekki þótt nemendum fjölgi á umræddum skólastigum. Það hefur einmitt gerst. Þar að auki var upphaflegt framlag ríkis ákveðið út frá áætlun um mun færri nemendur en reyndust vera á þessum námsstigum (framlagið var leiðrétt 2012 um 40 mkr en hefði þá þurft að hækka um 110 mkr). Þannig minnkar fjárframlag ríkisins með hverjum nemanda stöðugt eftir því sem nemendum fjölgar. Skólum er gert að kenna samkvæmt áætluðu kennslumagni og geta ekki dregið úr kennslu nema að skila hlutfallslegu fjármagni á móti.
- ✓ Úthlutun tekur ekki að fullu tillit til mismunandi þjónustustigs (kennslumagns per nemanda) tónlistarskólanna.

Fjárlagafrumvarp: Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir auknum fjármunum vegna samkomulagsins.

Ábendingar:

- ✓ Brýnt er að endurskoða nú þegar fyrirkomulagið varðandi framlög hins opinbera til náms á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik þannig að framlögin dugi fyrir kennslukostnaði enda er gert ráð fyrir því í lögum.
- ✓ Brýnt er að endurskoða nú þegar það fyrirkomulag að skólum sé gert að kenna það kennslumagn sem þeir skila áætlun um að vori þrátt fyrir að þeim sé ekki tryggð full fjármögnun á því.
- ✓ Brýnt er að endurskoða nú þegar fyrirkomulagið á úthlutun framlaga þannig að tónlistarskólarnir viti að vori hvort og þá hve mikið fjármagn þeir fá vegna nemenda á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik þannig að þeir geti skipulagt starfsemi sína.
- ✓ Nauðsynlegt er að hafa í huga við úrlausn vandans að tveir tónlistarskólar fengu neyðarlán hjá borgarsjóði árið 2012 að fjárhæð samtals 66 mkr.
- ✓ Taka þarf upp reglur, í samráði við fagaðila, um tímalengd og árangur í námi á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik sem nýtur opinbers stuðnings.
- ✓ Greina þarf nám eftir framhaldspróf, svokallað 4. stig, frá námi á framhaldsstigi og tryggja því eðlilegan sess og stuðning sambærilegt við nám á háskólastigi.

9. Samningur við ríki um húsaleigubætur

Samningur: Skv. lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur annast sveitarfélög vinnslu umsókna og greiðslu húsaleigubóta. Í lögunum segir jafnframt að félags- og húsnæðismálaráðherra setji ákvæði í reglugerð um útreikning og fjárhæð bóta, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þann 7. apríl 2008 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhæð húsaleigubóta og þátttöku ríkis í kostnaði vegna þeirra og gilti það til 31. mars 2010. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að ríkið greiddi 60% af útgjöldum vegna hækkunar húsaleigubóta. Einnig segir í samkomulaginu: „Aðilar eru sammála um að meta áhrif breytinga viðmiðunarfjárhæða með tilliti til hugsanlegrar fjölgunar bótaþega annars vegar í ársbyrjun 2009 og hins vegar í ársbyrjun 2010. Komi til viðbótarkostnaðar vegna þess verði beitt sambærilegri kostnaðarskiptingu og ofan greinir." Þannig er í samkomulaginu bæði gert ráð fyrir fastri hlutdeild ríkisins í útgjöldum vegna húsaleigubóta og að ríkið eigi sömu hlutdeild í þeirri fjárhagslegu áhættu sem fólgin er í fjölgun bótaþega.

Fyrrnefnt samkomulag hefur ekki verið endurnýjað en ríkið hefur á grundvelli þess greitt sérstakt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem numið hefur 1.668 mkr frá árinu 2012. Að auki hefur ríkið frá árinu 2013 veitt sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 1.000 mkr í Jöfnunarsjóð vegna breytinga á grunnfjárhæð og tekjuskerðingarreglum húsaleigubóta sem tóku gildi í upphafi árs 2013. Síðastliðin tvö ár hefur þátttökuhlutfall Jöfnunarsjóðs í greiðslu húsaleigubóta verið 64% fyrir almennar húsaleigubætur og 60% fyrir sérstakar húsaleigubætur.

Fjárlagafrumvarp: Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að 1.668 mkr framlagið og 1.000 mkr viðbótarframlagið verði óbreytt frá fyrri árum. Þar að auki hefur Jöfnunarsjóður skv. reglugerð heimild til að ráðstafa allt að 1.380 mkr af lögbundnum framlögum ríkisins til greiðslu húsaleigubóta á árinu 2015, sem er hækkun um u.þ.b. 60 mkr miðað við fjárlög 2014. Skv. starfsmönnum Jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir að þessi heimild verði fullnýtt og að fjárheimild sjóðsins til greiðslu húsaleigubóta verði því um 4 ma.kr., sem er hækkun um u.þ.b. 1,5% frá fjárlögum 2014.

Fjárheimild sjóðsins til húsaleigubóta er þó ekki trygg, þar sem í fyrsta lagi hefur fjárlagafrumvarp ekki verið samþykkt og í öðru lagi liggur ekki fyrir fyrr en við uppgjör sjóðsins eftir að fjárhagsári lýkur hver

endanleg fjárheimild sjóðsins vegna húsaleigubóta verður. Áhætta vegna greiðslu húsaleigubóta og sér í lagi fjölgunar bótaþega hvílir því öll á Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Mikilvægt er að ríkið skuldbindi sig til að greiða tiltekið hlutfall húsaleigubóta þannig að skuldbinding sveitarfélaga sé fyrirsjáanleg og að ekki verði óvænt kostnaðaraukning vegna húsaleigubóta með tilheyrandi áhrifum á rekstrarniðurstöðu. Annars verður að koma til álita að lækka grunnfjárhæð húsaleigubóta, enda skal ákvörðun um útreikning og fjárhæð bóta vera tekin í samráði við sveitarfélögin skv. lögum um húsaleigubætur.

Nýtt húsnæðisbótakerfi: Árið 2013 var skipuð verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála sem skilaði tillögum sínum til velferðarráðherra í maí 2014. Í tillögum hópsins er m.a. lagt til að húsaleigubætur og vaxtabætur verði sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta þar sem húsnæðisstuðningur verður óháður búsetuformi og er þar vísað til niðurstaðna vinnuhóps á vegum velferðarráðherra frá maí 2012. Gert er ráð fyrir að almennur húsnæðisstuðningur verði alfarið á höndum ríkisins en sérstakur stuðningur á höndum sveitarfélaga. Í tillögunum er lagt til að frumvarp um nýtt kerfi verði lagt fram á haustþingi 2014, en í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir óbreyttu kerfi.

Ábendingar:

- ✓ Ekkert gildandi samkomulag er um þátttöku ríkis í greiðslu húsaleigubóta og endanlegt þátttökuhlutfall Jöfnunarsjóðs liggur ekki fyrir fyrr en eftir að fjárhagsári lýkur.
- ✓ Áhætta vegna greiðslu húsaleigubóta og fjölgunar bótaþega er öll á hendi Reykjavíkurborgar.
- ✓ Mikilvægt að ríki og sveitarfélög framlengi fyrra samkomulag um húsaleigubætur og að ríkið skuldbindi sig til að greiða fast hlutfall útgjalda vegna húsaleigubóta til að kostnaður sveitarfélaga sé fyrirsjáanlegri og aðilar deili áhættu vegna fjölgunar bótaþega. Að öðrum kosti verði rætt um lækkun grunnfjárhæðar húsaleigubóta til að draga úr kostnaði sveitarfélaga. Samkomulagið verði ótímabundið og falli úr gildi þegar lög um nýtt húsnæðisbótakerfi hefur verið samþykkt.
- ✓ Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög hefji sem fyrst viðræður um fjármögnun nýs húsnæðisbótakerfis, enda er það forsenda þess að taka megi upp nýja kerfið.

10. Almennt og félagslegt leiguhúsnæði

Hinn 18. mars sl var birt skýrsla KPMG og Analytica til verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um:

- Breytta aðkomu ríkis að félagslegu húsnæði.
- Aðgerðir til stuðla að auknu íbúðaleiguframboði.
- Endurskilgreiningu á húsnæðislánamarkaði, að hið opinbera móti skýra stefnu í húsnæðismálum og niðurlagningu á Íbúðalánasjóð í núverandi mynd þar sem sjóðurinn hætti fjármögnun og útgáfu nýrra íbúðalána en hafi umsjón með núverandi skulda- og útlánasafni út líftíma þess eða hugsanlegri sölu.

Skýrsluhöfundar leggja til að stuðningur ríkisins til félagslegs húsnæðis verði í formi 25% stofnframlags í stað vaxtaniðurgreiðslna ásamt 10% stofnframlags sveitarfélags ef leigufélög eru á vegum sveitarfélaga. Auk þess er lagt til að leigufélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða af öðrum en sveitarfélögum fái sambærileg stofnframlög auk kröfu um 10% viðbótareiginfjárframlags. Lánsfjármögnun félagana yrði hins vegar á almennum markaðskjörum. Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála var sammála um að stuðningur ríkis við félagslegt íbúðaframboð ætti að vera með beinum stofnframlögum í stað niðurgreiðslu vaxta.

Ljóst er að Íbúðalánasjóður getur ekki tekist að óbreyttu á við þetta verkefni til frambúðar.

Ábendingar:

- ✓ Mikilvægt er að ríkið eyði strax óvissunni um fjármögnun á félagslegum leiguíbúðum.
- ✓ Mikilvægt er ríkisvaldið beiti sér fyrir endurskoðun á húsnæðisbótakerfinu í anda þeirra tillagna sem liggja fyrir í skýrslu verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála frá maí síðastliðnum til að efla byggingu leiguhúsnæðis í Reykjavík og á öðrum stöðum. Mikill skortur er á slíku húsnæði eins og nýlegar kannanir sýna. Þörf er á að fjársterk húsaleigufélög, með hóflega langtímaarðsemi að leiðarljósi, komi inn á markaðinn til að tryggja skjóta uppbyggingu leiguhúsnæðis. Forsendur þess eru að mismunun í stuðningi milli þeirra sem velja að eiga og hinna sem velja að leigja verði afnuminn. Ríkisvaldið verður í framtíðinni að festa niður þennan stuðning til lengri tíma án þess að breyta leikreglum eins og tíðkast hefur á milli fjárlaga svo að fagfjárfestar, einstaklingar og fjölskyldur geti skipulagt þessar mikilvægu fjárfestingar af skynsemi fram í tímann. Afnema þarf skattlagningu á reglulega afkomu leigufélaga á almennum markaði með ákveðnum takmörkunum, þ.e. að þak verði sett á skattfrelsi meðalrekstrarhagnaðar 3-5 ára umfram 5-7% raunávöxtun eigna eða kvaðir á hámarksleiguverð, ásamt því að tryggja að nettó söluhagnaður (hækkun eignaverðs frá kaupdegi umfram hækkun skulda) á eignasölu umfram eignakaup verði ekki undanþeginn fjármagnstekjuskatti til að tryggja aðkomu fagfjárfesta með langtímasjónarmið að leiðarljósi.
- ✓ Í fyrrgreindri skýrslu er meðal tillaga helmingslækkun (úr 20% niður í 10%) fjármagnstekjuskatts á tekjur af langtímaútleigu íbúðarhúsnæðis utan atvinnurekstrar. Jafnframt var lagt til að frítekjumark yrði 1.200 þús. kr. á ári vegna tekjuáranna 2014-2016. Ekki virðist vera gert ráð fyrir tillögum í fjárlagafrumvarpinu.

11. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Fjárlagafrumvarp: Samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður bráðabirgðaákvæði nr. XV við lögum nr. 50/1988 um endurgreiðslu virðisaukaskatt ekki framlengt. Athygli vekur að fjárlagafrumvarpið er andstætt niðurstöðum verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála þar sem mælt var með varanlegri 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingu, hönnun, viðhald og endurbætur. Í kjölfarið munu sveitarfélög greiða að fullu virðisaukaskatt af störfum manna við uppbyggingu, viðhaldi eða endurbótum á þjónustubyggingum eins og t.d. skólabyggingum og leikskólum frá næstu áramótum. Hins vegar munu eigendur íbúðahúsnæðis njóta 60% endurgreiðslu á virðisaukaskattsgreiðslum af störfum manna á byggingastað. Bent er einnig á að ríkisstofnanir greiða einnig að fullu virðisaukaskatt vegna sambærilegra framkvæmda. Hins vegar er sá eðlismunur á að ríkið greiðir sjálfum sér veltuskattana. Með fyrrgreint í huga hallar verulega á sveitarfélög sem þurfa að öðru jöfnu að draga úr fjárfestingum frá næstu áramótum.

Ábendingar:

- ✓ Eftir áramót njóta eigendur íbúðahúsnæðis 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingastað. Lágmarkskrafa að sveitarfélög njóti einnig þessara fríðinda.

12. Skattaumhverfi

A-hluta sveitarfélaga ber að greiða fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum og er þeim ekki heimilt að draga fjármagnsgjöld frá gjaldastofninum. Með öðrum orðum gerir skattaumhverfi sveitarfélaga ekki ráð fyrir að sveitarfélög geti fjármagnað sig á almennum markaði á hagstæðum kjörum til þess að fjármagna fjárfestingar dótturfélaga í grunnþjónustu. Til að mynda hafa markaðskjör eigandaFélagsbústaða verið hagkvæmari en niðurgreiddar lánveitingar ríkisins til félagslegra leiguíbúða í gegnum ÍLS. Þetta skekkist þó af þeirri ástæðu að ríkið leggur 20% fjármagnstekjuskatt á lánveitingu borgarinnar til Félagsbústaða þótt verkefnið sé að fjármagna uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði. Í þessu samhengi ber að minnast á að ríkið undanþiggur ÍLS fjármagnstekjuskatti. Með ofangreint í huga verður ekki séð að ríkið veiti Reykjavíkurborg og Félagsbústöðum lán til uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði á niðurgreiddum kjörum heldur þvert á móti á hærri kjörum en bjóðast á markaði, þ.e. að félagsleg íbúðarlán frá ILS eru í dag með íþyngjandi álagi.[8] Til enn frekari rökstuðnings um að lánveitingar ríkisins til uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði eru í dag á almennum útlánakjörum má benda á að útlánakjör banka til almennra viðskiptavina eru nú 3,7% eða nánast á pari við kjör ÍLS til félagslegra íbúðalána.[9] Þá er ástæða til að benda á að ríkið hefur í gegnum Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs veitt 25 ára lán til kaupa á íbúðum vegna fatlaðra á 2% verðtryggðum vöxtum sem væri mun eðlilegra viðmið við lánveitingar vegna fjárfestinga í félagslegu íbúðahúsnæði.

Ábendingar:

- ✓ Fjármagnstekjuskattur er í raun tekjuskattur ríkissjóðs á sveitarsjóð. Má draga í efa réttlætingu hans með sömu rökum eins og að tekjuskattur er ekki lagður á sveitarsjóð.
- ✓ Fjármagnstekjuskattur leiðir til þess að sveitarsjóður getur ekki veitt fyrirtækjum í sinni eigu sem fara með almannaþjónustu hagkvæm lán eins og tíðkast í nágrannalöndunum.

13. Jöfnunarsjóður

Á fyrstu sex mánuðum ársins greiddi Reykjavíkurborg 3.451 mkr í Jöfnunarsjóð en fékk úr sjóðnum vegna málefna fatlaðra, reksturs sérskóla, tónlistarskóla ofl 2.567 mkr, þ.e. lagði sjóðnum til 884 mkr meira en framlög sjóðsins. Þegar bætt er við hlutdeild ríkisins í húsaleigubótum nemur nettóframlag borgarinnar 205 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti miðað við sex mánaða uppgjör 2014. Þar kemur fram að Reykjavíkurborg fær 152 mkr minna en áætlað var en greiðir 138 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn[10]. :

[8] Ennfremur ef litið er á vaxtamun við breytingu kjara 2001 þá ættu kjör Félagsbústaða að vera á bilinu 2,6%-3,1% miðað við 4,2%-4,7% almenn útlánakjör ÍLS frá árinu 2012 fram til dagsins í dag. Einnig ber að taka fram að vegnir meðalvextir ÍLS voru skv. ársreikningi 2011 4,299%.

[9] Arion banki býður upp á lán á 3,7% verðtryggðum kjörum til allt að 40 ára m.v. allt að 60% veðsetningu.

[10] Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

Jöfnunarsjóður	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Greiðslur í Jöfnunarsjóð				
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	1.510	1.483	27	1,8%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	1.941	1.830	111	6,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	**3.451**	**3.313**	**138**	**4,2%**
Greiðslur frá Jöfnunarsjóði				
Framlag vegna málefna fatlaðra	1.873	2.007	-134	-6,7%
Framlag vegna sérskóla	505	499	6	1,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	175	175	1	0,4%
Annað	13	39	-25	-65,5%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	**2.567**	**2.719**	**-152**	**-5,6%**

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	537	534	3	0,6%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	141	137	4	3,2%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	**679**	**671**	**7**	**1,1%**
Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	**3.246**	**3.390**	**-145**	**-4,3%**

Helstu ábendingar

Fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbótakerfi og tryggingagjald:

- Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar og tryggingagjalds hafa verið verulega íþyngjandi fyrir rekstur A-hluta Reykjavíkurborgar frá efnahagshruni. Þau hafa tvöfaldast sem hlutfall af útsvarstekjum, úr 6% árið 2008 í 12% árið 2014 með tilheyrandi ráðningaáhrifum á grunnþjónustu og önnur verkefni sveitarfélagsins. Mikilvægt er að ríki og Reykjavíkurborg ræði um hvernig bæta megi borginni og öðrum sveitarfélögum þessi stórauknu útgjöld, en áhrif atvinnuleysis hafa verið sérstaklega neikvæð í Reykjavík.
- Færa má rök fyrir því að Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hafi tekið við hluta af útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna aðstoðar við atvinnulausa sem hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Því er eðlilegt að krefjast þess að hluti tekna af tryggingagjaldi verði eftir hjá sveitarfélögum. Hátt álagningarhlutfall tryggingagjalds skilar ríkissjóði um **20 ma.kr.** í tekjuauka á hverju ári sé miðað við álagningarhlutfall á árunum fyrir hrun.
- Metin aukning á útgjöldum borgarinnar vegna áforma um styttingu bótatímabils eru um **200-250 mkr** en að hámarki geta þau orðið um **400-500 mkr** að öðru óbreyttu, en þegar hefur borgin þurft að bera mikinn kostnaðarauka vegna fjárhagsaðstoðar á undanförnum árum. Því er mikilvægt að horfið verði frá áformunum og að í staðinn verði rætt um lengingu bótatímabils eða um framlög ríkis til vinnumarkaðsaðgerða fyrir einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.
- Endurskoða þarf lagabreytingar sem gerðar voru í kjölfar efnahagshrunsins á árinu 2010 þar sem réttur nema til atvinnuleysisbóta var afnuminn.

Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar og úthlutun úr Jöfnunarsjóði

- Mikilvægt er að Reykjavíkurborg verði bætt útsvarstekjutap vegna laga um skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, sem gæti alls numið um **3,4-4,6 ma.kr.** og þar af um **1,5 ma.kr**. árin 2014-2017.
- Mikilvægt er að tekjuaukningu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna bankaskatts verði ráðstafað hlutfallslega til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir útsvarstekjutapi vegna laga um séreignarsparnað. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið undir þessi sjónarmið Reykjavíkurborgar.

Samningur við ríki um þjónustu við fatlað fólk

- Heildarútgjöld til málaflokksins á árinu 2014 eru áætluð 6.093 mkr en framlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð 3.877 mkr og tekjur vegna 0,25% útsvarshlutfalls hjá Reykvíkingum og Seltirningum eru áætluð samtals 1.009 mkr. Áætlaður halli nemur þannig ríflega 1,2 milljarði króna.
- Fjárhagsleg áhætta borgarsjóðs hefur aukist mikið við það að taka yfir þjónustu ríkisins vegna fatlaðs fólks sem ræðst einkum af því að:
  - Útsvarsstofn sveitarfélaga sem myndar grunninn að ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs breytist ekki með þjónustukröfum, fjölda þjónustuþega og útgjaldaþróun
  - Reglur um skiptingu framlaga og áreiðanleiki SIS mats, sem er grunnur fyrir skiptingu 80% fjármagns Jöfnunarsjóðs til málaflokksins, hafa ekki skapað sanngjarnan grunn að skiptingu á því fé sem fer til sveitarfélaga.
  - Helmingshlutur ríkis í samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga vegna frístundaklúbba fatlaðra er ekki fjármagnaður.

- Nýjar þjónustukröfur hafa komið fram frá ríkinu eftir yfirfærslu málaflokksins sem ekki hafa verið fjármagnaðar.
- Notendastýrð persónuleg þjónusta, NPA, er verkefni sem ríkið ýtti á eftir með fjárstuðningi og alger óvissa um framhald á fjármögnun ríkisins í því.

Samningur við ríki um almenningssamgöngur

- Í fjárlögum 2013 var gert ráð fyrir 996 mkr framlagi (styrk) til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og skyldi hlutur Strætó skv. samningnum nema 90%. Þá vantaði ríflega 20 mkr upp á efndir. Á árinu 2014 vantar 145 mkr að samningurinn sé efndur. Og miðað við fyrirliggjandi frumvarp fyrir árið 2015 vantar tæpar **200 mkr**.
- Mikilvægt er að ríkið standi við sinn hlut í samkomulaginu ella bresta forsendur þess.

Samningur við ríki um eflingu tónlistarnáms

✓ Brýnt er að endurskoða nú þegar fyrirkomulagið varðandi framlög hins opinbera til náms á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik þannig að framlögin dugi fyrir kennslukostnaði enda er gert ráð fyrir því í lögum.

- Brýnt er að endurskoða nú þegar það fyrirkomulag að skólum sé gert að kenna það kennslumagn sem þeir skila áætlun um að vori þrátt fyrir að þeim sé ekki tryggð full fjármögnun á því.
- Brýnt er að endurskoða nú þegar fyrirkomulagið á úthlutun framlaga þannig að tónlistarskólarnir viti að vori hvort og þá hve mikið fjármagn þeir fá vegna nemenda á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik þannig að þeir geti skipulagt starfsemi sína.
- Nauðsynlegt er að hafa í huga við úrlausn vandans að tveir tónlistarskólar fengu neyðarlán hjá borgarsjóði árið 2012 að fjárhæð samtals 66 mkr.
- Taka þarf upp reglur, í samráði við fagaðila, um tímalengd og árangur í námi á miðstigi í söng og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik sem nýtur opinbers stuðnings.

Samningur við ríki um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu

- SHS sá sig tilneytt að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu til að innheimta greiðslur fyrir sjúkraflutninga fyrir árin 2012 og 2013. Stefna var lögð fram 26. júní sl. og er krafa SHS 962,5 mkr fyrir bæði árin. Stefnan nær ekki til vangoldinna greiðslna ríkisins á fyrri hluta árs 2014.
- Níu mánaða bráðabirgðasamningur náðist í byrjun júlímánaðar sl. og gildir til 31. mars 2015 Samningsupphæð felur í sér um 750 mkr á ársgrundvelli en skv. samningi velferðarráðuneytis og SHS frá febrúar 2013 hefði fjárhæðin átt að nema 786 mkr en 856 mkr skv mati KPMG á sanngjarnri kostnaðarskiptingu.
- Greiðslur ríkissjóðs til SHS vegna sjúkraflutninga á árinu 2014 eru áætlaðar 616 mkr. Ef samkomulagsdrög SHS og velferðarráðuneytis frá febrúar 2013 hefðu verið framkvæmd hefði þessi greiðsla numið um 752 mkr en hefðu greiðslurnar ráðist af mati KPMG á sanngjarnri kostnaðarskiptingu hefðu greiðslur numið 952 mkr.

Samningur við ríki um rekstur hjúkrunarheimila

- Samanlagður halli á rekstri hjúkrunarheimila borgarinnar 2008-2014 er áætlaður tæpir 1,5 milljarðar kr. Mikilvægt er að ríkið tryggi tekjur á móti útgjöldum vegna hjúkrunarheimila með endurskoðun daggjalda eða öðrum hætti enda er um verkefni ríkisins að ræða.
- Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu gerðu sl. vor samkomulag við ríkið um meðferð lífeyrisskuldbindinga fyrir hjúkrunarheimili og stofnanir sem ekki hafa beina

sveitarfélagatengingu. Þau voru skilin eftir en loforð var um að taka upp viðræður við þau með haustinu. Þessar viðræður eru ekki hafnar. Það er krafa Reykjavíkurborgar að tekið verði með sama hætti á lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimila sem sveitarfélög hafa rekið fyrir ríkið eins og í ofangreindu samkomulagi

Samningur við ríki um húsaleigubætur

- Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur rann út í mars 2010. Áhættan vegna greiðslu húsaleigubóta og fjölgunar bótaþega hvílir nú öll á herðum Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Mikilvægt er að fyrra samkomulag verði framlengt þannig að kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði fyrirsjáanleg. Samkomulagið verði ótímabundið og falli úr gildi þegar lög um nýtt húsnæðisbótakerfi hafa verið samþykkt.
- Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög hefji sem fyrst viðræður um fjármögnun nýs húsnæðisbótakerfis, enda er það forsenda þess að taka megi upp nýja kerfið.

Almennt og félagslegt leiguhúsnæði

- Mikilvægt er að ríkið eyði strax óvissunni um fjármögnun á félagslegum leiguíbúðum.
- Mikilvægt er ríkisvaldið beiti sér fyrir endurskoðun á húsnæðisbótakerfinu í anda þeirra tillagna sem liggja fyrir í skýrslu verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála frá maí síðastliðnum til að efla byggingu leiguhúsnæðis í Reykjavík og á öðrum stöðum. Mikill skortur er á slíku húsnæði eins og nýlegar kannanir sýna. Þörf er á að fjársterk húsaleigufélög, með hóflega langtímaarðsemi að leiðarljósi, komi inn á markaðinn til að tryggja skjóta uppbyggingu leiguhúsnæðis. Forsendur þess eru að mismunun í stuðningi milli þeirra sem velja að eiga og hinna sem velja að leigja verði afnuminn. Ríkisvaldið verður í framtíðinni að festa niður þennan stuðning til lengri tíma án þess að breyta leikreglum eins og tíðkast hefur á milli fjárlaga svo að fagfjárfestar, einstaklingar og fjölskyldur geti skipulagt þessar mikilvægu fjárfestingar af skynsemi fram í tímann. Afnema þarf skattlagningu á reglulega afkomu leigufélaga á almennum markaði með ákveðnum takmörkunum, þ.e. að þak verði sett á skattfrelsi meðalrekstrarhagnaðar 3-5 ára umfram 5-7% raunávöxtun eigna eða kvaðir á hámarksleiguverð, ásamt því að tryggja að nettó söluhagnaður (hækkun eignaverðs frá kaupdegi umfram hækkun skulda) á eignasölu umfram eignakaup verði ekki undanþeginn fjármagnstekjuskatti til að tryggja aðkomu fagfjárfesta með langtímasjónarmið að leiðarljósi.
- Í skýrslu KPMG og Analytica til verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála er meðal tillaga helmingslækkun (úr 20% niður í 10%) fjármagnstekjuskatts á tekjur af langtímaútleigu íbúðarhúsnæðis utan atvinnurekstrar. Jafnframt var lagt til að frítekjumark yrði 1.200 þús. kr. á ári vegna tekjuáranna 2014-2016. Ekki virðist vera gert ráð fyrir tillögum í fjárlagafrumvarpinu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

- Í ljósi þess að alþingi hefur ákveðið að aflétta lögbundinni greiðsluskyldu annarra sveitarfélaga til SÍ hlýtur að vakna sú krafa að þessari sérstöku skyldu sé líka aflétt af borgarsjóði og Reykvíkingum.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

- Eftir áramót njóta eigendur íbúðahúsnæðis 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingastað. Lágmarkskrafa að sveitarfélög njóti einnig þessara fríðinda.

Skattaumhverfi

- Fjármagnstekjuskattur er í raun tekjuskattur ríkissjóðs á sveitarsjóð. Má draga í efa réttlætingu hans með sömu rökum eins og að tekjuskattur er ekki lagður á sveitarsjóð.
- Fjármagnstekjuskattur leiðir til þess að sveitarsjóður getur ekki veitt fyrirtækjum í sinni eigu sem fara með almannaþjónustu hagkvæm lán eins og tíðkast í nágrannalöndunum.

Tafla yfir helstu fjárhagsatriði

Helstu atriði (allar tölur í milljónum króna)

		Alls	RVK 2015	Athugasemdir
1	Tryggingargjaldstekjur hækkaðar umfram þarfir Atvinnuleysistryggingasjóðs	20.000	ATH	Tryggingargjald hefur ekki verið lækkað í takt við þarfir Atvinnuleysistryggingarsjóðs; gæti verið 2% stigum lægri
2	Áhrif styttingar atvinnuleysisbótatímabils á fjárhagsaðstoð		250	Áhrif styttingar bótatímabils atvinnulausra um 6 mánuði; leiðir til 250-500 mkr útgjaldaauka 2015 fyrir borgarsjóð
3	Áhrif laga um séreignarsparnað á útsvarstekjur	3.500	400	Áhrif laga um séreignarsparnað á útsvarstekjur eru áætluð um 400 mkr á árinu 2015
4	Halli á rekstri úrræða fyrir fatlað fólk; framlög úr Jöfnunarsjóði mun minni en reiknað var með	3.479	1.500	Hallinn á fyrstu 6 mán 2014 orðinn 670 mkr. Ef fram heldur sem horfir má reikna með 1.200 mkr yfir árið og 1.500 mkr árið 2015. Endurskoðun stendur yfir
5	Ríkið hefur ekki staðið við sinn hluta af samningi um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu	365	200	Miðað við fjárlagafrumvarp og forsendur þess vantar 199 mkr upp á að staðið sé við skuldbindingu um framlag ríkis. Eldri skuldir um 165 mkr
6	Ríkið hefur ekki staðið við sinn hluta af samkomulagsgrundvelli um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu	1.536	336	Áætlaðar greiðslur ríkisins á árinu 2014 nema 616 mkr en greiðslur sveitarfélaganna 1.244. Skv samkomulags-grundvelli frá feb 2013 ætti ríkið að greiða áárið 2015 um 889 mkr. Krafa vegna áranna 2012 og 2013 um 1.200 mkr
7	Halli á rekstri Droplaugarstaða og Seljahlíðar sem sinna verkefni ríkisins viðvarandi mikill	1.484	300	Áætlaður halli á rekstri hjúkrunarheimilanna árið 2014 er um 300 mkr og hefur hann farið vaxandi. Reikna má með meiri halla 2015. Uppsafnaður halli 2008-2014:6 nemur 1.484 mkr
	samtals	30.364	**2.986**	